

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð síra Sveins Vikings, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð síra Sveins Vikings.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður síra Sveins Vikings.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Samvinnuskólanum, Bifröst fyrir fé, er starfslið skólans hefur aflað með aukavinnu í þágu skóla og mótuneytis.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200.000.00.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að vekja áhuga á hvers konar vísindum, er snerta sálar-, trúar- og menningarlíf með því m. a. að veita styrki til ritstarfa, fyrirlestrahalds og tilrauna. Sálarrannsóknir skulu þó hafa forgang og sú starfsemi, sem fram fer á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands.

Heimilt er að ráðstafa allt að helmingi vaxta sjóðsins eins og þeir eru á hverjum tíma í þessu skyni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þessum aðilum: Skólastjóra Samvinnuskólans, forseta Sálarrannsóknarfélags Íslands og fulltrúa kosnum af ættingjum síra Sveins Vikings og skal hinn síðastnefndi vera formaður sjóðsins. Meðan ekkja síra Sveins, frú Sigurveig Gunnarsdóttir, lifir skal hún eiga sæti í stjórn sjóðsins sem formaður.

7. gr.

Ráðstöfun á úthlutunarfé sjóðsins svo og endurskoðaðir reikningar hans af endurskoðendum Samvinnuskólans, skal hvort tveggja birt í skólaskýrslu Samvinnuskólans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

11. janúar 1974.

Nr. 8.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi í Húsavíkurkaupstað  
nr. 49 frá 2. mars 1972.

1. gr.

6. gr. orðist þannig:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem

holræsi er lagt í, að greiða stofngjald, sem nemur kr. 17.00 á hvern rúmmetra húseignarinnar, og er þar miðað við byggingavísitölu 913 stig, en heimilt er bæjarráði að hækka það eða lækka í samræmi við breytingar á byggingavísitölu, þó ekki yfir 50% án samþykkis ráðuneytis sbr. 5. mgr. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

Auk stofngjalds á hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi bæjarins eða holræsi, sem bærinn hefur yfirtekið og eins um húseignir, sem vegna sérstakra aðstæðna þurfa ekki að tengjast aðalholræsakerfinu, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.15% af hinu opinbera fasteignamatí húss og lóðar eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts.

Lágmark holræsaárgjalds skal vera kr. 1 000.00. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds.

Heimilt skal bæjarráði að lækka stofngjald samkv. þessari grein í sérstökum tilvikum svo sem við byggingu fjölbýlishúsa.

Heimilt er bærarstjórn fyrir sitt ár í senn, að hækka eða lækka holræsagjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bærarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi 6. gr. reglugerðar nr. 49 2. mars 1972 um holræsi í Húsavíkurkaupstað.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1974.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um holræsagerð í Sandgerði.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til að leggja holræsi í Sandgerði, nema sérstaklega sé samið um aðra tilhögun.

#### 2. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því í aðalæð, og enn fremur að halda því við. Ef húseigandi vanrækir að leggja holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

#### 3. gr.

Hreppsnefnd löggildir menn, sem teljast skulu hæfir til að leggja og ganga frá holræsum.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsið, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er húseigendum skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um gerð og lögn ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það. Engar lagnir má hylja fyrr en byggingarfulltrúi hefur samþykkt þær.